



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu þremur mánuðum árunum 2017 - 2019

2019

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu þremur mánuðum árunum 2017, 2018 og 2019. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu þremur mánuðum árunum 2017, 2018 og 2019.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 10,1% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 miðað við árið á undan. Hins vegar fjölgar tilkynningum um 8% ef miðað er við fyrstu þrjá mánuði ársins 2017. Fjöldi tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 var 2.773 tilkynningar. Tilkynningum fjölgaði bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni um 10% miðað við fyrstu þrjá mánuði árið á undan. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 41,1% tilkynninga. Þetta hlutfall var 42% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 og 39,4% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 var 25,6%, 26,8% fyrir sama tímabil árið á undan og 27% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 32,3% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019, 30,6% fyrir sama tímabil árið á undan og 32,6% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 13,1% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019. 13,8% fyrir sama tímabil árið á undan og 10,6% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 7,5% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019, 7,9% fyrir sama tímabil árið á undan og 7,5% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 40,4% tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019, hlutfallið var 39,8% fyrir sama tímabil árið á undan og 42,5% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 var 2.221 barn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 1.986 börn og 2.055 börn á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 miðað við sama tímabil árið á undan úr 46 umsóknum í 35. Umsóknir voru 42 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. Flestar umsóknir bárust um MST en fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglunga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum

fólks. Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustuvæðið miðað við 60 min. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá Reykjavík eða 45,7% og fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fjölgaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 úr 36 beiðnum í 58 miðað við sama tímabil árið á undan. Beiðnir um fósturheimili voru 49 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. Beiðnum um tímabundið fóstur fjölgaði mest og flestar beiðnir bárust frá Reykjavík eða 39,7% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi fyrstu þrjú mánuði árána 2017 og 2019, en fleiri fyrir stúlkur á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fækkaði úr 60 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 í 49 fyrir sama tímabil á árinu 2019, en þau voru 67 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. Skýrslutökur fyrir dómi voru 24 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019, 26 fyrir sama tímabil árið á undan en 25 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. Fjöldi skýrslutaka vegna kynferðislegs ofbeldis og líkamlegs ofbeldis var svipaður öll árin. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fækkaði úr 34 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 í 25 fyrir sama tímabil á árinu 2019, en þau voru 42 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. Fjöldi barna sem fór í greiningar- og meðferðarviðtöl á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 var 49 börn, en þau voru 60 fyrir sama tímabil árið og undan og 67 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fækkaði úr 54 í 44 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistanir voru 62 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017. Vistunardögum fækkaði úr 378 dögum á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 í 237 daga fyrir sama tímabil á árinu 2019, en vistunardagar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 voru 345. Alls komu 25 börn á lokaða deild á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019, en þau voru 36 fyrir sama tímabil á árinu 2018 og 42 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fækkaði miðað við árin á undan, voru 14 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019, 18 fyrir sama tímabil á árinu 2018 og 20 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.157	45,1	1.129	44,8	1.184	42,7
Nágrenni Reykjavíkur ¹	625	24,3	653	25,9	778	28,1
Landsbyggð	785	30,6	737 ²	29,3	811	29,2
Samtals	2.567	100,0	2.519	100,0	2.773	100,0


¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

²Upplýsingar hafa ekki borist frá Félagsmálanefnd Hornafjarðar fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins 2018.

Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.473	57,4	1.356	53,8	1.453	52,4
Stúlkur	1.069	41,6	1.145	45,5	1.299	46,8
Ekki vitað ¹	25	1,0	18	0,7	21	0,8
Samtals	2.567	100,0	2.519	100,0	2.773	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.



Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði¹

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	845	41,1	805	40,5	854	38,5
Nágrenni Reykjavíkur ²	518	25,2	560	28,2	660	29,7
Landsbyggð	692	33,7	621 ³	31,3	707	31,8
Samtals	2.055	100,0	1.986	100,0	2.221	100,0

¹Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

²Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarheppur.

³Upplýsingar hafa ekki borist frá Félagsmálanefnd Hornafjarðar fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins 2018.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.181	57,5	1.071	53,9	1.189	53,5
Stúlkur	854	41,5	905	45,6	1.017	45,8
Ekki vitað ¹	20	1,0	10	0,5	15	0,7
Samtals	2.055	100,0	1.986	100,0	2.221	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	1.480	72,0	1.460	73,5	1.621	73,0
Drengir	840	56,8	782	53,6	852	52,6
Stúlkur	625	42,2	669	45,8	760	46,9
Ekki vitað ²	15	1,0	9	0,6	9	0,6
Þar af nýjar kannanir	775	37,7	782	39,4	832	37,3
Drengir	423	54,6	406	51,9	458	55,0
Stúlkur	340	43,9	372	47,6	370	44,5
Ekki vitað ²	12	1,5	4	0,5	4	0,5

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Ástæður tilkynninga¹


Ástæður tilkynninga	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	1.012	39,4	1.057	42,0	1.141	41,1
<i>Drengir</i>	558	21,7	547	21,7	573	20,7
<i>Stúlkur</i>	454	17,7	510	20,2	568	20,5
Líkamleg vanræksla	55	2,1	52	2,1	54	1,9
<i>Drengir</i>	38	1,5	29	1,2	34	1,2
<i>Stúlkur</i>	17	0,7	23	0,9	20	0,7
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	840	32,7	862	34,2	970	35,0
<i>Drengir</i>	460	17,9	443	17,6	485	17,5
<i>Stúlkur</i>	380	14,8	419	16,6	485	17,5
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	298	11,6	348	13,8	364	13,1
<i>Drengir</i>	148	5,8	172	6,8	182	6,6
<i>Stúlkur</i>	150	5,8	176	7,0	182	6,6
Vanræksla varðandi nám	60	2,3	68	2,7	53	1,9
<i>Drengir</i>	30	1,2	40	1,6	36	1,3
<i>Stúlkur</i>	30	1,2	28	1,1	17	0,6
Tilfinningaleg vanræksla	92	3,6	86	3,4	100	3,6
<i>Drengir</i>	54	2,1	49	1,9	41	1,5
<i>Stúlkur</i>	38	1,5	37	1,5	59	2,1
Ofbeldi	692	27,0	674	26,8	710	25,6
<i>Drengir</i>	342	13,3	320	12,7	318	11,5
<i>Stúlkur</i>	350	13,6	354	14,1	392	14,1
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	398	15,5	415	16,5	453	16,3
<i>Drengir</i>	209	8,1	204	8,1	205	7,4
<i>Stúlkur</i>	189	7,4	211	8,4	248	8,9
Þar af heimilisofbeldi	193	7,5	200	7,9	209	7,5
<i>Drengir</i>	104	4,1	100	4,0	99	3,6
<i>Stúlkur</i>	89	3,5	100	4,0	110	4,0
Líkamlegt ofbeldi	195	7,6	138	5,5	165	6,0
<i>Drengir</i>	113	4,4	81	3,2	89	3,2
<i>Stúlkur</i>	82	3,2	57	2,3	76	2,7
Kynferðislegt ofbeldi	113	4,4	132	5,2	114	4,1
<i>Drengir</i>	27	1,1	40	1,6	32	1,2
<i>Stúlkur</i>	86	3,4	92	3,7	82	3,0
Áhættuhegðun barna	837	32,6	771	30,6	897	32,3

<i>Drengir</i>	570	22,2	491	19,5	565	20,4
<i>Stúlkur</i>	267	10,4	280	11,1	332	12,0
Neysla barns á vímuefnum	122	4,8	154	6,1	153	5,5
<i>Drengir</i>	67	2,6	95	3,8	87	3,1
<i>Stúlkur</i>	55	2,1	59	2,3	66	2,4
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	336	13,1	305	12,1	345	12,4
<i>Drengir</i>	209	8,1	157	6,2	187	6,7
<i>Stúlkur</i>	127	4,9	148	5,9	158	5,7
Afbrot barns	181	7,1	129	5,1	176	6,3
<i>Drengir</i>	138	5,4	97	3,9	122	4,4
<i>Stúlkur</i>	43	1,7	32	1,3	54	1,9
Barn beitir ofbeldi	125	4,9	123	4,9	153	5,5
<i>Drengir</i>	110	4,3	107	4,2	121	4,4
<i>Stúlkur</i>	15	0,6	16	0,6	32	1,2
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	95	3,7	90	3,6	109	3,9
<i>Drengir</i>	62	2,4	52	2,1	68	2,5
<i>Stúlkur</i>	33	1,3	38	1,5	41	1,5
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	26	1,0	17	0,7	25	0,9
Tilkynningar alls	2.567	100,0	2.519	100,0	2.773	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu²	78	100,0	109	100,0	147	100,0
<i>Drengir</i>	46	59,0	53	48,6	65	44,2
<i>Stúlkur</i>	29	37,2	55	50,5	81	55,1
<i>Ekki vitað³</i>	3	3,8	1	0,9	1	0,7

¹Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

²Að mati tilkynnanda

³Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.



Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	18	0,7	20	0,8	15	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	116	4,5	131	5,2	149	5,4
Nágrannar	138	5,4	172	6,8	158	5,7
Önnur barnaverndarnefnd	34	1,3	32	1,3	39	1,4
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	82	3,2	67	2,7	75	2,7
Lögregla	1.092	42,5	1.002	39,8	1.119	40,4
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	439	17,1	391	15,5	460	16,6
Leikskóli/gæsluforeldri	64	2,5	66	2,6	51	1,8
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	218	8,5	243	9,6	284	10,2
Foreldrar barns	170	6,6	206	8,2	199	7,2
Aðrir	196	7,6	189	7,5	224	8,1
Samtals	2.567	100,0	2.519	100,0	2.773	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	11	26,2	8	17,4	4	11,4
Önnur meðferðarheimili*	7	16,7	7	15,2	9	25,7
MST	24	57,1	31	67,4	22	62,9
Samtals	42	100,0	46	100,0	35	100,0

* Laugaland, Lækjarbakki og Háholt (Háholt lokaði um mitt ár 2017).

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	17	40,5	15	32,6	16	45,7
Nágrenni Reykjavíkur ¹	10	23,8	19	41,3	9	25,7
Landsbyggð	15	35,7	12	26,1	10	28,6
Samtals	42	100,0	46	100,0	35	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	27	64,3	32	69,6	23	65,7
Stúlkur	15	35,7	14	30,4	12	34,3
Samtals	42	100,0	46	100,0	35	100,0

Beiðnir um fósturheimili

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	40	81,6	20	55,6	33	56,9
Varanlegt	6	12,3	11	30,6	16	27,6
Styrkt	3	6,1	5	13,9	9	15,5
Samtals	49	100,0	36	100,0	58	100,0

Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	22	44,9	10	27,8	23	39,7
Nágrenni Reykjavíkur ¹	9	18,4	11	30,5	17	29,3
Landsbyggð	18	36,7	15	41,7	18	31,0
Samtals	49	100,0	36	100,0	58	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	30	61,2	16	44,4	30	51,7
Stúlkur	19	38,8	20	55,6	28	48,3
Samtals	49	100,0	36	100,0	58	100,0

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu þrjú mánuðir 2017	Fyrstu þrjú mánuðir 2018	Fyrstu þrjú mánuðir 2019
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	67	60	49
a. Skýrslutökur ¹	25	26	24
Vegna kynferðislegs ofbeldis	15	14	13
Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis	10	12	11
b. Könnunarviðtöl	42	34	25
Þar af við fylgdarlaus börn ²	5	0	2
Þar af við hælisleitandi börn í fylgd forsjáradila ³			1
Greiningar- og meðferðarviðtöl	38	27	41
Læknisskoðanir	1	4	2

¹ Skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi hófust í mars 2015. Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í einu tilviki á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017.

² Skýrslutökur vegna fylgdarlausra barna hófust á árinu 2016.

Kyn barna í Barnahúsi

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	24	35,8	25	41,7	16	32,7
Stúlkur	43	64,2	35	58,3	33	67,3
Samtals	67	100,0	60	100,0	49	100,0

¹ Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Lokuð deild á Stuðlum

Lokuð deild á Stuðlum¹

	Fyrstu þrjú mánuðir 2017	Fyrstu þrjú mánuðir 2018	Fyrstu þrjú mánuðir 2019
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi vistana	62	54	44
Vistunardagar: 25. eða 31. gr.bvl.	345	378	237
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	0	0	0
Fjöldi einstaklinga	42	36	25

Kyn barna á lokaðri deild á Stuðlum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	28	66,7	24	66,7	12	48,0
Stúlkur	14	33,3	12	33,3	13	52,0
Samtals	42	100,0	36	100,0	25	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu þrjú mánuðir 2017		Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni ¹	9	45,0	9	50,0	6	42,9
Vesturland	1	5,0	1	5,6	3	21,4
Vestfirðir	0	0,0	1	5,6	1	7,1
Norðurland	1	5,0	3	16,7	1	7,1
Austurland	1	5,0	1	5,6	0	0,0
Suðurland	4	20,0	2	11,1	1	7,1
Reykjanes	3	15,0	1	5,6	2	14,3
Fólk búsett erlendis	1	5,0	0	0,0	0	0,0
Samtals	20	100,0	18	100,0	14	100,0

¹Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.